



4. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN 11.-12. DESEMBER 2015 Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ Í REYKJAVÍK.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðaði: Kristinn Óskar Grétuson (KÓG).

1. FUNDUR SETTUR KL. 16:00

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fór síðan yfir dagskrá fundarins.

2. FELIX

Óskar Örn Guðbrandsson, starfsmaður Felix og Örn Andrésson, stjórnarmaður ÍSÍ, komu inn á fund og kynntu uppfærslu á Felix.

3. Framkvæmdastjórnarfundargerð nr. 1

Lögð fram og samþykkt.

4. FJÁRMÁL

Framkvæmdastjóri lagði fram rekstraryfirlit yfir fyrstu tíu mánuði ársins. Niðurstaða er í samræmi við rekstraráætlun ársins.

5. SKIPAÐ Í NEFNDIR

Formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram tillögu að skipan nefnda. Fjárhagsnefnd rædd, samþykkt að fela framkvæmdastjóra að taka saman hlutverk og tilgang nefndarinnar.

HeJ vék af fundi kl. 18:30.

Skipað í Fjárhagsnefnd, Fræðslunefnd, Fræðslu- og verkefnasjóð, Laganefnd, Lýðheilsu- og forvarnanefnd, Menningar- og útgáfunefnd, Nefnd um starf eldri ungmennafélaga, Ungmennaráð, Umhverfisnefnd, Landsmótsnefnd UMFÍ 50+ 2016 og 2017, Unglingalandsmótsnefnd 2016, 2017 og 2018, stjórn Umhverfissjóðs Pálma Gíslasonar, Þrastaskógarnefnd, stjórn Íslenskrar getspar, og stjórn Íslenskra getrauna.

Ákveðið að skipa í vinnuhóp um inngöngu íþróttabandalaga á næsta stjórnarfundum.

Fundi frestað kl. 19:00.

Fundi framhaldið á laugardag kl. 10:00.

BGB kom inn á fund.

RH og HeJ boðuðu forföll.

6. Önnur mál

- a. Guðmundur Árnason kynnti tölvukerfið Nóra.
- b. Þróunarvinna við Felix rædd. Ákveðið að AIP, GS og HeJ óski eftir fundi með ÍSÍ varðandi möguleika á þróun Felix.
- c. Skýrslur frá ferð fulltrúa UMFÍ á aðalfundi NSU og ráðstefnu ISCA lagðar fram.
- d. Starfsáætlun stjórnar lögð fram og samþykkt.
- e. Farið yfir stöðu mála varðandi sölu á Þrastalundi. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.
- f. UMSS hefur sótt um að halda Landsmót UMFÍ 2017 og hefur til þess stuðning frá sveitafélaginu Skagafirði. HV, AIP, ÖG og Ómari Braga Stefánssyni falið að vinna málið áfram.
- g. AIP sagði frá yfirferð á samningum við helstu þjónustufyrirtæki sem UMFÍ á viðskipti við. Gerður hefur verið nýr samningur við Ísafoldarprentsmiðju um prentun fyrir UMFÍ sem einnig nýtist sambandsaðilum.
- h. Samþykkt að HV fari fyrir hóp sem vinnur að gerð langtímasamninga við styrktaraðila.
- i. Bílamál rædd, framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Næsti fundur áætlaður 22. - 23. janúar 2016 að Laugum í Sælingsdal.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:07.
ÖG og HrJ rituðu fundargerð.